

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. janúar 2007 í máli nr. E-4901/2005:

Karl Haraldsson

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

gegn

Sigríði Fanneyju Jónsdóttur

(Sigurbjörn Ársæll Þorbergsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 15. janúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Karli Haraldssyni, Gautlandi 15, Reykjavík, gegn Sigríði Fanneyju Jónsdóttur, Kórsölum 5, Kópavogi, með stefnu birtri 30. júní 2005.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 10.192.265 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 frá 10. október 2004 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi að stefnda greiði stefnanda 3.454.207 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 frá 10. október 2004 til greiðsludags. Til þrautavara krefst stefnandi að stefnda greiði stefnanda fjárhæð að mati dómsins ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 frá 10. október 2004 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er krafist vaxtavaxta og að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefndu eru þær að hún verði sýknuð af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða henni málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til innheimtuskyldu lögmanna á virðisaukaskatti í ríkissjóð.

Málsatvik

Stefnandi og stefnda hófu sambúð í mars 1998 þegar stefnandi flutti ásamt 10 ára gömlum syni sínum inn í fasteign stefndu að Skeiðarvogi 137 sem hún var þá nýbúin að festa kaup á. Þau skráðu sig hins vegar ekki í óvígða sambúð fyrr en frá og með 1. janúar 2002. Stefnda átti áður 4-5 herbergja íbúð í Kjarrhólma í Kópavogi og seldi hún hana í ársbyrjun 1998. Á þessum tíma skuldaði stefnandi

4.500.000 kr. en þá hafði stefnandi selt sína eign í Stararima. Sambúðinni lauk svo 1. júní 2004. Við sambúðarslit flutti stefnandi út úr húsnæðinu en stefnda seldi fasteignina Skeiðarvog 137. Stefnandi greiddi afborganir af lánunum sem á íbúðinni hvíldu á sambúðartímanum. Ágreiningur er milli aðila um það hvort svo hafi samist með þeim að stefnandi tæki ekki þátt í greiðslu útborgunar við kaup fasteignarinnar heldur tæki að sér að greiða mánaðarlegar afborganir af lánum sem stefnda tók til að fjármagna fasteignakaupin. Telur stefnandi að milli aðila hafi verið samkomulag um það að hann myndi með þessu eignast ótilgreinda hlutdeild í fasteigninni. Samtals greiddi stefnandi 3.454.207 kr. í afborganir af lánum sem hvíldu á fasteigninni á tímabilinu frá byrjun janúar 1999 til loka maí 2004. Um var að ræða afborganir af tveimur fasteignaveðbréfum vegna lána sem stefnda tók. Stefnda ber því hins vegar við að afborganir af húsnæðislánum hafi verið greiddar af reikningi stefnanda með skuldfærslu einungis vegna hagræðis, en stefnandi hafi haft þjónustufulltrúa í sínum viðskiptabanka. Allt eins hefði verið hægt að greiða af reikningi hennar, en litið hafi verið á allan reksturskostnað heimilisins sem eitt. Töluverðar endurbætur voru gerðar á fasteigninni sem stefnda keypti á sambúðartíma aðila. Á sambúðartíma lagði stefnandi mánaðarlega inn á reikning stefndu fjárhæð á bilinu 100.000 til 200.000 kr. Samtals greiddi stefnandi þannig 6.738.058 kr. á tímabilinu frá 16. október 1998 til 21. janúar 2005.

Stefnandi er læknir að mennt og starfaði sem slíkur á meðan sambúð aðila stóð með góðar tekjur. Sonur stefnanda bjó á heimili aðila og tvær dætur stefndu, önnur í eitt ár en hin í eitt og hálf ár. Stefnandi fékk meðlagsgreiðslu með syni sínum. Stefnda vann fyrir sambúðina með stefnanda fullan vinnudag og fram í október 1999. Þá minnkaði stefnda starfshlutfall í 60% og vann svo á bilinu 60-80% þar til hún fór aftur að vinna fullan vinnudag í september 2003. Stefnandi framkvæmdi fjölda svæfinga á dag sem svæfingalæknir. Stefnda kvaðst hafa minnkað vinnu sína gagngert í því skyni að hugsa um son stefnanda og heimilishald. Þá sinnti hún ritarastörfum fyrir stefnanda. Stefndu voru ekki greidd laun fyrir vinnu sína. Stefnda kveðst hafa lagt til hliðar starfsframa í þágu velgengni stefnanda. Stefnda er menntaður sjúkrapjálfari.

Stefnda kveðst hafa séð um uppeldi sonar stefnanda og verið til staðar á heimilinu. Með því hafi stefnandi stundað vinnu sína áhyggjulaus um velferð sonarins. Stefnda sá um heimilið og að mestu leyti um innkaup og snúninga fyrir heimilið. Framlögð afrit kreditkortareikninga og bankayfirlita stefndu sína þetta glögglega.

Á sambúðartímanum fjárfesti stefnandi í svæfingavél, sem seld var í janúar 2005 á 3.000.000 kr., vélsleða fyrir 700.000 kr. og Terrano jeppa fyrir 5.000.000 kr. Auk þessa byggði stefnandi upp einkahlutafélagið Karl Haraldsson ehf.

Aðilar hafa ekki náð samkomulagi um fjárskipti sín eftir sambúðarslitin og hefur stefnandi af þeim sökum höfðað mál þetta.

Málsástæður stefnanda

Aðalkrafa stefnanda um að stefnda greiði honum kr. 10.162.265 er tvíþætt og sundurliðist þannig:

1. Vegna afborgana af fasteignaláni stefndu 3.454.207 kr.
2. Vegna innborgana inn á reikning stefndu 6.738.058 kr.

Stefnandi byggir kröfu um greiðslu 3.454.207 kr. á því að hann hafi greitt allar afborganir af fasteignalánnum stefndu frá ársbyrjun 1999 til maí 2004 og þar með talið sig hafa eignast ótilgreindan hlut í fasteign stefndu og að samkomulag hafi verið milli aðila um það. Er sambúð aðila lauk hafi forsendur þessa samkomulags brostið með þeim afleiðingum að stefnandi hafi öðlast rétt til endurgreiðslu á þeim fjármunum sem hann hafi látið af hendi rakna til afborgana af áhvílandi veðlánnum.

Stefnandi byggir kröfu um greiðslu 6.738.058 kr. á því að hann hafi greitt reglulega inn á bankareikning stefndu á sambúðartíma samtals þessa fjárhæð. Ljóst sé miðað við opinberar tölur frá Hagstofu Íslands um meðalneysluútgjöld sambýlisfólks án barna 2002 að framfærslukostnaður slíkrar fjölskyldu sé líðlega 3,5 m.kr. Stefnandi telji þannig að á sambúðartímanum hafi hann sjálfur innt af hendi a.m.k. sinn helming í eðlilegum reksturskostnaði heimilisins en til viðbótar greitt að stórum hluta hlutdeild stefndu í þessum kostnaði. Bankayfirlit stefnanda sýni að í gegnum reikninga hans hafi farið margvísleg heimilisútgjöld. Stefnandi geri því kröfu um að stefnda endurgreiði honum greiðslur vegna innborgana hans inn á reikning hennar.

Til vara krefst stefnandi þess að stefnda greiði honum 3.454.207 kr. vegna afborgana af fasteignaláni stefndu. Varakrafa sé hin sama og aðalkrafa að öðru leyti en því að frá höfuðstól hafi verið dregnar allar innborganir stefnanda inn á bankareikning stefndu, með þeim rökum að hægt væri að líta svo á að þessar greiðslur hafi verið til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum heimilisins, þrátt fyrir það að stefnandi hafi borið stóran hluta þeirra gegnum eigin bankareikninga. Um rökstuðning fyrir varakröfu er vísað til umfjöllunar hér að framan um aðalkröfu.

Þrautavarakröfu sína um að stefnda greiði stefnanda fjárhæð að mati dómsins byggir stefnandi á því að gögn málsins sýni skýrt að hann hafi greitt til stefndu langt umfram það sem venjulegur framfærslukostnaður heimilisins hafi verið á sambúðartímanum. Hann eigi því á hana endurgreiðslukröfu, sem hann leggi í mat dómsins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennri auðgunarreglu sem meðal annars hafi komið fram í dómi Hæstaréttar frá 19. júní 2003 í máli nr. 39/2003. Fjárkröfur stefnanda byggi þannig á því að honum sé rétt að hafa uppi auðgunarkröfu vegna fjárskipta hans og stefndu á sambúðartímanum og að líta verði á endurkröfur hans að því er varði innlagnir á bankareikning stefndu sem endurkröfur af þeim toga. Þá byggir stefnandi kröfur sínar á dómaförðæmum sem myndast hafa um fjárskipti sambúðarfólks við sambúðarslit.

Stefnandi hafi fyrst kafið stefndu um endurgreiðslu með bréfi dags. 10. september 2004 og krefjist í öllum tilvikum dráttavaxta frá 10. október 2004 í samræmi við

reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing er vísað til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi hefur mótmælt öllum gagnkröfum stefndu í málinu og byggt á því sérstaklega að kröfu fyrir ritarastörf, sem stefnda hafi unnið fyrir félagið Karl Haraldsson ehf., sé ranglega beint að stefnanda.

Málsástæður stefndu

Kröfu sína um sýknu vegna endurgreiðslu á 3.454.207 kr., byggir stefnda á því að ekki hafi verið samkomulag um að stefnandi greiddi afborganir fasteignalána gegn því að eignast hlut í fasteign stefndu. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir slíkum fullyrðingum og gegn andmælum stefndu sé engin slík sönnun fyrir hendi. Stefnandi setji ekki aðrar málsástæður fram fyrir þessari kröfu sinni en að forsendur fyrir meintu samkomulagi hafi brostið og því eigi hann rétt til endurkröfu á greiddum fjárhæðum. Stefnandi beri sönnunarbyrði eins og áður segi fyrir staðhæfingum um slíkt samkomulag. Stefnda byggir á því að ekki hafi verið samið með þessum hætti og því hafi engar forsendur brostið. Sýkna beri því af þessari kröfugerð stefnanda.

Þá byggir stefnda á því að með aðilum hafi verið samkomulag þess efnis að umræddar fjárhæðir yrðu skuldfærðar af reikningi stefnanda í hagræðingarskyni, enda stefnandi með bankaþjónustu umfram stefndu. Með aðilum hafi verið víðtæk fjárhagsleg samstaða og húsnæðiskostnaður hluti rekstrarkostnaðar heimilisins. Stefnda hafi lagt til húsnæði og eigið fé í eign sinni, í stað þess að njóta ávöxtunar af því með öðrum hætti. Stefnandi hafi á móti greitt afborganir, vexti og verðbætur lána.

Stefnda hafi lagt stefnanda og syni hans til húsnæði allan sambúðartímann og því eðlilegt að taka tillit til þess í lok sambúðar, ef skoða á mál aðila á annað borð aftur í tímann. Þannig beri að reikna stefndu endurgjald fyrir dvöl stefnanda og sonar hans í íbúð stefndu á sambúðartímanum. Á því sé byggt að hæfilegt endurgjald stefnanda til stefndu sé að minnsta kosti sama fjárhæð og stefnandi greiddi í afborganir lána, þ.e. í vexti, verðbætur og höfuðstól. Þeirri kröfu sé einnig haldið uppi til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfulið.

Stefnda byggir kröfu sína um sýknu vegna innborgana stefnanda á reikning stefndu að fjárhæð 6.738.058 kr. á því að samkvæmt reikningsyfirliti yfir bankareikning hennar sjáist að heimilisútgjöld, hvort sem voru matarinnkaup, fatnaður, gjafavara eða þessa háttar, hafi verið greidd af þessum reikningi. Á yfirlitinu komi einnig fram að öll laun stefndu hafi farið inn á þennan reikning. Yfirlit yfir reikning stefndu sýni skýrlega að öll umsýsla heimilisins hafi verið unnin af stefndu, flest allir snúningar og mest öll innkaup. Stefnda kveðst hafa séð um matarinnkaup, kaup á fatnaði fyrir son stefnanda og oftast en ekki stefnanda sjálfan. Stefnda hafi keypt fatnað og gjafir handa sjö barnabörnum stefnanda. Úttektir af framlögðum

reikningi stefnanda sýni hverfandi útgjöld hans samanborið við reikning stefndu. Sama eigi við um augljósa fyrirhöfn vegna útgjaldanna. Sýknukrafa stefndu byggji á því að um sameiginleg útgjöld hafi verið að ræða. Stefnandi hafi verið að greiða reksturskostnað heimilisins. Þá hafi greiðslurnar verið inntar af hendi án fyrirvara og án sérstaks áskilnaðar um endurheimtu þess fjár úr hendi stefndu. Stefnandi hafi aðspurður neitað að upplýsa hvers vegna hann lagði umræddar fjárhæðir inn á reikning stefndu.

Stefnda byggir á því að heimilishald aðila hafi verið útgjaldafrekara en á meðalheimili. Stefnandi leggi fram yfirlit yfir meðalneyslu á heimilum á árinu 2002. Í stefnu sé miðað við meðaltölur miðað við tvo í heimili. Réttara væri að miða við útgjöld sambýlisfólks með börn auk þess að taka þyrfti tillit til neyslumynsturs aðila. Sérstaklega verði að líta til þess að stefnda hafi ekki verið framfærsluskyld gagnvart syni stefnanda. Sé því ekki hægt að byggja á þessu með þeim hætti sem stefnandi gerir. Stefnanda byggir á því að miðað við fyrirkomulag aðila hafi verið eðlilegt að stefnandi greiddi hærra hlutfall rekstrarkostnaðar heimilisins en stefnda, sem á móti hafi minnkað við sig vinnu í því skyni að auðvelda starfsframa stefnanda.

Varakrafa stefnanda byggji á sömu málsásæðum og í aðalkröfu. Stefnanda vísar til framangreindra málsástæðna sinna fyrir sýknu. Þrautavarakrafa byggji á almennri óskráðri auðgunarreglu. Stefnanda byggir á að ekki séu færð nein rök fyrir því með hvaða hætti hún hafi auðgast á sambúðartímanum. Stefnanda hefði átt íbúð í upphafi sambúðar og í lok sambúðar. Stefnanda hafi lagt öll sín laun í rekstur heimilisins auk sparifjár. Hún hafi unnið heimilisstörf, minnkað við sig vinnu og gengið syni stefnanda í móðurstað. Af reikningsyfirlitum sem stefnda leggi fram sé ljóst að stefnda hafi ekki auðgast á kostnað stefnanda. Þá sé því hafnað að stefnandi hafi lagt fram til heimilishaldsins fjármuni langt umfram framfærslukostnað heimilisins. Þegar litið sé til launamunar á sambúðartímanum sé ekki óeðlilegt að stefnandi greiði mun stærri hluta rekstrarkostnaðar heimilisins en stefnda. Stefnandi sé því í skuld við stefndu séu sambúðarárin gerð hlutlægt upp.

Stefnandi hafi á sambúðartímanum aukið eignir sínar með stórfelldum hætti. Bæði með hreinum sparnaði og kaupum á lausafjármunum og uppbyggingu atvinnu rekstrar. Stefnanda hafi gert stefnanda kleift að byggja upp fyrirtæki og aðstoðað stefnanda með því að draga úr eigin vinnu til að geta sinnt syni hans og aðstoðað stefnanda í rekstri hans. Sá aðili sem hafi auðgast sé því stefnandi sjálfur en ekki stefnda.

Stefnda haldi uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar við hverjum þeim kröfum stefnanda sem viðurkenndar kunni að verða á hendur stefndu.

Stefnda kveður að gagnkrafan sé til komin vegna þóknunar fyrir vinnuframlag í þágu stefnanda við innslátt, reikningagerð og utanumhald vegna starfsemi stefnanda.

Stefnda hefur gert þá grein fyrir þessu starfi í þágu stefnanda að hún hafi fært í tölvu alla reikninga stefnanda og fyrirtækis hans fyrir svæfingar til Trygginga stofnunar ríkisins. Þetta hafi verið slegið inn í forrit sem stefnandi hafði sjálfur hannað. Forritið reiknaði út gjald sjúklings annars vegar og Tryggingastofnunar ríkisins hins vegar. Þetta hafi stefnda skráð á reikninga. Stefnanda hafi svo, oftast

mánaðarlega, gert reikninga á Tryggingastofnun ríkisins og flokkað þá í möppur og farið með þá til bókara stefnanda. Miðað við umsvif rekstrar stefnanda hafi starf stefndu verið umtalsvert. Ársreikninga rekstrar Karls Haraldssonar ehf. hafi verið aflað hjá Lánstrausti ehf. Þeir reikningar sýni nettóhagnað. Rekstrarhagnaður samkvæmt upplýsingum Lánstrausts ehf. hafi verið með svofelldum hætti:

Árið 1999	kr.	4.003.000,-
Árið 2000	kr.	12.833.000,-
Árið 2001	kr.	17.509.000,-
Árið 2002	Fannst ekki	
Árið 2003	kr.	3.753.000,-

Stefnda byggir á því að hæfilegt endurgjald fyrir þessi störf sé að meðaltali 100.000 kr. pr. mánuð, eða 1.200.000 kr. á ári í sex og hálf ár alls kr. 7.800.000,-. Ekki sé krafist sjálfstæðs dóms um eftirstöðvar. Á því sé byggt að krafan hafi gjald fallið við lok sambúðartíma.

Gagnkrafan sé einnig komin til vegna vinnutaps stefndu sem hafi hlotist af því að stefnda minnkaði við sig vinnu gagnert vegna stefnanda niður í 60-80 % starfs hlutfall. Áætlað tjón stefndu vegna þessa sé 10.000.000 kr. yfir allan sambúðartímann.

Stefnda byggir á því að hefði hún ekki þurft að minnka við sig vinnu vegna umsýslu í þágu stefnanda og vegna heimilishalds þá hefði hún haldið fullum launum. Þannig sé auðvelt að reikna út hreint fjártjón hennar. Bara þessi skerðing á aflafé stefndu nemi hærri fjárhæð en fjárhæð kröfu stefnanda vegna íbúðalána. Byggt sé þá á því að verði fallist á kröfur stefnanda á grundvelli forsendubrests, þá vekji sami forsendubrestur upp gagnkröfur stefndu á hendur stefnanda.

Gagnkrafan sé einnig komin til vegna hlutdeildar í eignamyndun stefnanda á sambúðartímanum. Þannig hafi stefnandi lagt til hliðar umtalsverðar fjárhæðir í sparifé, keypt jeppabifreið, fellihýsi, lækningatæki og innbúsmuni, sem hann átti í lok sambúðar. Stefnandi leggi ekki fram skattframtöl sín, eða yfirlit yfir sparireikninga sína. Erfitt sé því fyrir stefndu að gera nákvæmar fjárkröfur að þessu leyti. Á því er byggt að hlutdeild stefndu í eignamyndun stefnanda nemi 50 % og að verðmæti eigna sé 20.000.000 kr. Gagnkrafa stefndu vegna þessa sé því 10.000.000 kr. Þar sem stefnandi leggi ekki fram gögn um eignir í sambúðarlok beri hann halla af því. Fjárkrafan byggir á því að stefnda hafi með vinnuframlagi sínu, bæði á heimili og í þágu atvinnu stefnanda, eignast hlut í eignamyndun hans á sambúðartímanum. Fjárkrafa sem svari til verðmætis þessarar eignamyndunar komi til skuldajafnaðar við hverjar þær kröfur stefnanda sem viðurkenndar kunni að verða á hendur stefndu. Stefnandi hafi ekki getað myndað þessa eign sína nema með því að stefnda tók að sér að annast son hans og halda heimili fyrir þá, gert þeim kleift að búa í íbúð sinni og annast heimilishald. Auk þess hafi stefnda sparað stefnanda stórfelldan kostnað við að ráða ritara með því að annast alla frágangsvinnu við gerð reikninga og uppgjör við Tryggingastofnun ríkisins fyrir stefnanda. Þetta framlag stefndu kveður stefnda að leiða eigi til þess að hún eigi 50

% í eignamyndun stefnda á sambúðartímanum, samkvæmt ýtrustu kröfugerð. Að minnsta kosti hluti þessarar eignamyndunar sé í reiðufé og hluta lausafjár hafi stefnandi selt.

Stefnda byggir á því að líta beri til allra málsatvika í heild sinni og að ótækt sé að horfa á þrönga meinta eignamyndun stefnanda í fasteign stefndu og líta fram hjá eignamyndun stefndu í eignaaukningu stefnanda á sambúðartímanum. Stefnda ber við að verði á það fallist að stefnandi geti haft uppi fjárkröfur á hendur stefndu vegna eignamyndunar hans, þá sé stefndu rétt að halda uppi gagnkröfum af sama toga, byggðum á eignamyndun hennar.

Þá byggir stefnda á því að sérstaklega verði að líta til þess við úrlausn málsins, stefndu til hagsbóta, að sonur stefnanda, sem stefnda sé ekki framfærsluskyld gagnvart, hafi í raun verið á framfærslu stefndu á sambúðartímanum.

Stefnda mótmælir dráttarvaxtakröfum stefnanda sérstaklega. Tilvísun stefnanda í dómafordæmi mótmælir stefnda einnig enda sé ekki til sambærileg fordæmi í dómasafni.

Niðurstaða

Fyrir liggur að stefnda hafði fest kaup á íbúð að Skeiðarvogi 137, Reykjavík, þegar sambúð aðila hófst. Ekki er ágreiningur um það að stefnandi greiddi afborganir af áhvílandi veðlánnum þeim sem stefnda tók fyrir íbúðarkaupunum á sambúðartíma sem samtals nemi 3.454.207 kr. Stefnandi heldur því fram að með þessum greiðslum hafi hann talið sig vera að eignast ótilgreindan hlut í eigninni og að samkomulag hafi verið milli aðila um það. Stefnda kveður hins vegar ekkert samkomulag hafa verið milli aðila um að stefndi greiddi afborganir fasteignalána gegn því að eignast hlut í fasteign stefndu, heldur hafi þetta einungis verið gert í hagræðingarskyni að greiðslur fóru af hans reikningi.

Gegn andmælum stefndu er ósannað að aðilar hafi gert sín á milli sérstakt samkomulag um það að með afborgunum eignaðist stefnandi hlut í fasteigninni. Hins vegar verður að fallast á það með stefnanda að hann hafi innt af hendi afborganir af lánunum á þeirri forsendu að hann væri að leggja fé af mörkum til eignamyndunar í þágu beggja málsaðila, enda lagði hann, auk þess, mikið fé til reksturskostnaðar heimilis. Þá er ósannað gegn andmælum stefnanda að samkomulag hafi verið um það með aðilum að fjárhæðir þessar yrðu skuldfærðar af reikningi stefnanda í hagræðingarskyni. Verður því fallist á þá málsástæðu stefnanda að við sambúðarslit aðila hafi stefnandi öðlast rétt til endurgreiðslu á þeim fjármunum sem hann hafi innt af hendi til afborgana af áhvílandi veðlánnum, alls **3.454.207 kr.**, sem ekki er tölulegur ágreiningur um.

Ekki þykja efni til að fallast á það með stefndu að reikna henni endurgjald fyrir dvöl stefnanda og sonar hans í íbúð stefndu á sambúðartímanum enda voru aðilar í sambúð og héldu heimili saman. Gagnkröfu stefnda er að því lýtur er hafnað.

Á sambúðartíma greiddi stefnandi reglulega fjárhæðir inn á bankareikning stefndu, alls 6.738.058 kr. Stefnandi telur sig hafa á sambúðartímanum sjálfur innt af hendi

a.m.k. sinn helming í eðlilegum reksturskostnaði heimilisins en til viðbótar greitt að stórum hluta hlutdeild stefndu í þessum kostnaði. Fallast verður á það með stefndu að yfirlit það sem stefnandi lagði fram í máli þessu um meðalneyslu á heimilum eigi ekki við um aðila þessa máls, sem voru með börn á heimili sínu auk þess að taka verði tillit til neyslumynsturs aðila. Fyrir liggur að stefnda sá um flest öll innkaup og snúninga fyrir heimilið, keypti vörur og fatnað fyrir stefnda, son hans og barnabörn. Einnig þykir ljóst að heimilishald aðila hafi verið útgjaldafrekara en á meðalheimili. Verður því að telja innborganir þessar á reikning stefndu óafturkræft framlag hans til reksturs heimilisins og að um sameiginleg útgjöld hafi verið að ræða, enda eðlilegt að stefnandi greiddi hærra hlutfall af reksturskostnaði heimilisins þar sem hann vann lengri vinnudag en stefnda og var tekjuhærri á meðan hún sinnti heimili. Verður því hafnað kröfu stefnanda um endurgreiðslu greindrar fjárhæðar úr hendi stefndu.

Stefnda byggir gagnkröfu sína m.a. á því að hún hafi sinnt ritarastörfum í þágu stefnanda vegna starfssemi Karls Haraldssonar ehf. en henni hafi ekki verið greidd laun fyrir þá vinnu og þannig hafi stefnandi sparað sér launagreiðslur og launatengd gjöld. Fallast verður á það með stefnanda að sú gagnkrafa til skuldajafnaðar er ekki beint að réttum aðila, sbr. 1. mgr. 28. gr. 1. 91/1991 og ber því að sýkna stefnda af henni, sbr. 2. mgr. 16. gr. sömu laga.

Stefnda byggir gagnkröfu sína enn fremur á því að hún hafi orðið fyrir vinnutapi við að minnka við sig vinnu niður í 60-80% starfshlutfall á sambúðartíma vegna umsýslu í þágu stefnanda og vegna heimilishalds. Hefur stefnda áætlað tjón sitt 10.000.000 kr. af þessum sökum. Sú krafa er órökstudd og stefnandi ber ekki að lögum ábyrgð á því fjártjóni sem stefnda kann að hafa orðið fyrir við að minnka starfshlutfall sitt. Er þeirri gagnkröfu stefndu hafnað.

Stefnda byggir einnig gagnkröfu sína á hlutdeild sinni í eignamyndun stefnanda á sambúðartíma. Ljóst er að stefnandi eignaðist ýmsar eignir á sambúðartíma, m.a. jeppabifreið, fellihýsi, lækningatæki og innbúsmuni. Stefnda heldur því fram að með vinnuframlagi sínu, bæði á heimili og í þágu atvinnu stefnanda, hafi hún eignast hlut í eignamyndun hans á sambúðartímanum. Fallast verður á það með stefnanda að það sé meginregla í fjárskiptum í óvígðri sambúð að hver sú eign sem hvor sambúðaraðili kaupir fyrir sína fjármuni á sambúðartímanum skuli vera eign viðkomandi. Óumdeilt er að stefnandi greiddi fyrir þessa muni af sínum reikningum og teljast þeir því tilheyra honum.

Þessari gagnkröfu stefndu er einnig hafnað.

Samkvæmt framansögðu er öllum gagnkröfum stefndu hafnað og verður stefnda því dæmd til að greiða stefnanda 3.454.207 kr., eins og í dómsorði greinir. Dráttarvextir reiknast frá þingfestingardegi málsins, 30. júní 2005, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 250.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefnda, Sigríður Fanney Jónsdóttir, greiði stefnanda, Karli Haraldssyni, 3.454.207 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 frá 30. júní 2005 til greiðsludags og 250.000 krónur í málskostnað.

Eggert Óskarsson